



Reykjavík, 30. maí 2024
PON23080023

Efni: Heimild til þess að hefja verkefnið „rafrænt lóðaumsóknarkerfi“ fyrir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, að hefja verkefnið „rafrænt lóðaumsóknarkerfi“.

Verkefnið miðar að því að setja upp rafrænt umsjónarkerfi sem heldur utan um söluferla lóða hjá Reykjavíkurborg. Markmiðið er að auka skilvirkni starfsfólks lögfræðiteymis skrifstofu borgarstjóra og borgarritara við vinnslu umsókna og útgáfu reikninga, ásamt því að draga verulega úr líkum á mistökum.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 80020 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – rafvæðing ferla / verkefnaklassi 800014. Verkbeiðnanúmer er 252939.

Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er maí – júní 2024 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 4,4 mkr. sem tilheyrir eignarsjóði á framkvæmdartímanum. Notast verður við kerfi sem þegar er í rekstri og verður engin aukakostnaður vegna leyfa.

Greinagerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Greinargerð

Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara skortir miðlægt lóðaumsóknarkerfi sem veitir yfirsýn yfir lóðaumsóknir hjá Reykjavíkurborg. Jafnframt skortir starfsfólk áreiðanlega aðferð til að halda utan um örugga og skilvirka reikningagerð. Lóðateymi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, sem sér um sölu lóða fyrir borgina, óskar eftir kerfi sem veitir yfirsýn yfir þær lóðir sem eru til sölu og býður upp á sjálfvirkar áminningar. Núverandi ferli felur í sér utanumhald í Excel skjölum og Outlook, þar sem umsóknir eru afgreiddar. Þetta kallar á mikið magn samskipta milli starfsfólks og umsækjenda. Einnig er óskað eftir sölukerfi sem gerir þeim kleift að halda utan um alla reikningagerð við sölu lóða á öruggan hátt. Eins og staðan er nú, sér fjármála- og áhættustýringasvið borgarinnar um að senda út reikninga, sem var aðeins hugsað sem tímabundin lausn.

Skortur á heildstæðu kerfi veldur erfiðleikum við að hafa yfirsýn yfir umsóknir, sem hefur áhrif á svartíma lóðateymisins. Mikill tími fer í að leita og halda utan um upplýsingar, og starfsfólk þarf að fylgjast handvirkt með að rétt gögn skili sér og að kaupendur fái tímanlega áminningu um greiðsluskilafrest. Auk óþarfa handavinnu starfsfólks eykst hættan á mannlegum mistökum við úrvinnslu umsókna og reikningagerð. Þetta getur leitt til þess að greiðslur berast ekki, sem kallar á endurtekningu umsóknarferlisins með tilheyrandi kostnaði.

Tilgangur verkefnisins er að innleiða gagnsætt og aðgengilegt lóðaumsóknarkerfi fyrir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sem leysir af þær aðrar aðferðir sem þegar eru í notkun hjá skrifstofunni. Kerfið þarf að halda utan um örugg gagnaskil, tilkynningar til starfsfólks, yfirfærslu lóða á réttum tíma og áminningar til umsækjenda varðandi rétt gagnaskil, greiðslufresti, framkvæmdafresti og aðra fresti, svo sem gildistíma lóðarvilyrðis. Í kerfinu þarf að vera hægt að stofna kröfur og fá upplýsingar frá bókhaldskerfi um greiðslur. Jafnframt þarf að vera hægt að kalla fram tölfræðiupplýsingar innan kerfisins, svo sem fjölda úthlutaðra lóða, fjölda íbúða, heildarverð, meðalverð o.s.frv. Í kerfið þarf að vera hægt að skrá lóðir og setja á mismunandi stig, svo sem lóðir í skipulagsferli, vilyrði, í sölufarli og úthlutaðar.

Ávinningur af lóðaumsóknarkerfi er eftirfarandi:

- Betra utanumhald yfir umsóknir.
- Aukin sjálfvirkni.
- Bætt upplýsingaflæði, annars vegar milli umsækjenda og SBB og hins vegar milli SBB og FAS.
- Færri stundir í samskipti milli starfsfólks og umsækjenda.
- Auðveldara að kalla út tölfræðigögn vegna fyrirspurna.
- Tækifæri til aukinnar hagræðingar í kjölfar tímasparnaðar starfsfólks.



Reykjavíkurborg

Þjónustu- og nýsköpunarsvið

- Sjálfvirkar áminningar á skilafrestum á gögnum og greiðslum draga úr líkum á mistökum, en það krefst mikillar vinnu að endurkrefja lóðarhafa um gjöld vegna seinkunnar á greiðslu.
- Faglegra og skilvirkara umhverfi.

Verkefnið samræmist framtíðarsýn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um að Reykjavík sé skjót, skilvirk og gagnsæ hvað varðar úthlutun lóða og samningagerð á uppbyggingarsvæðum sem afla tekna til fjárfestinga í innviðum borgarinnar.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 4,4 mkr. sem tilheyra eignarsjóði á framkvæmdartímanum.

Kostnaðarstaður: 80020 Stafræn umbreyting – rafvæðing ferla.

Verkefnaklassi: 800014.

Verkbeiðnanúmer: 252939.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur